

BORGARRÁÐ 16. apríl 2020: Bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ársreikning A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu FÁST og greinargerðum - R19120193

Í þessari bókun er ekkert sem er trúnaður, ekki er minnst á innihald ársreiknings umfram það sem komið er fram í fjölmiðlum. Flokkur fólksins spyr undir þessum lið um uppgjörsaðferðir Félagsbústaða sem leiddi til þess að einn endurskoðandi hefur yfirgefið endurskoðunarnefndina. Fram kemur að IFRS stuðull sé skylda og um það hafi komið úrskurður. Um það standa engar deilur. En heimilt er að gera íbúðirnar upp bæði á gangverði eða afskrifuðu kostnaðarverði. Hér er á það bent að einn nefndarmaður hefur sagt sig frá nefndinni vegna þess að valið hefur verið að gera íbúðirnar upp á gangverði en ekki afskrifuðu kostnaðarverði. Endurskoðandinn sagði sig úr nefndinni vegna þess að gangverðarskilin standast ekki skoðun og íslensk lög að hans mati. Flokki fólksins finnst sem meirihlutinn og restin í endurskoðunarnefndinni gera lítið úr afsögn endurskoðandans úr nefndinni og er eins og búin sé að gleyma að Félagsbústaðir er óhagnaðardrifið félag. Við blasir að verið er að reyna að láta Félagsbústaði líta vel út á blaði. Félagsbústaðir glíma við ímyndarvanda og spurning er hvort margir beri traust til fyrirtækisins. Breyta ætti fyrirkomulaginu og gera tæpar 2000 íbúðir félagsins upp á afskrifuðu kostnaðarverði en ekki gangverði. Það að einn endurskoðandi hafi gengið úr nefndinni vegna þessa máls sem og að nefndin stakk braggaskýrslunni undir stól (haft eftir Einari Hálfðánarsyni) segir allt sem segja þarf að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins.